

## Aðalfundur Félags kvenna í atvinnulífinu

Miðvikudaginn 15. maí 2024, klukkan 17:00

Aðalfundur Félags kvenna í atvinnulífinu, kt. 710599-2979, Borgartúni 35, 105 Reykjavík (hér eftir „FKA“ eða „félagið“), var haldinn í Húsi atvinnulífsins, Borgartúni 35, 105 Reykjavík og með rafrænum hætti í gegnum streymi klukkan 17:00 miðvikudaginn 15. maí 2024.

Dagskrá fundarins var svohljóðandi í samræmi við fundarboðun og lög félagsins:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár kynntur og borinn upp til samþykktar.
4. Ákvörðun félagsgjalds.
5. Skýrslur starfsnefnda og deilda.
6. Lagabreytingar.
7. Lýsing á kjöri formanns, stjórnar, nefnda og ráða.
8. Kosning skoðunarmanns reikninga og eins til vara.
9. Önnur mál.

### 1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Unnur Elva Arnardóttir, formaður FKA setti fundinn fyrir hönd stjórnar og bauð félagskonur velkomnar. Hún lagði fram tillögu um að tilnefna Bergrúnu Lilju Sigurjónsdóttur, stjórnarkonu í FKA og sviðsstjóra hjá Vinnueftirlitinu, sem fundarstjóra. Fundarstjóri tilnefndi Raket Jensdóttur, hjá Hvilft lögræðiráðgjöf ehf. sem fundarritara. Enginn hreyfði andmælum og voru tillögurnar samþykktar.

### 2. Skýrsla stjórnar

Unnur Elva Arnardóttir, formaður FKA, fór yfir skýrslu stjórnar og starfsemi félagsins á liðnu starfsári, þar á meðal fræðslu, jafnvægisvog, viðurkenningarhátíð o.fl.

### 3. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár kynntur og borinn upp til samþykktar

Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir, gjaldkeri stjórnar, fór yfir ársreikning félagsins fyrir liðið starfsár en reikningurinn var birtur félagskonum á kjörvef félagsins. Hún gerði grein fyrir því að félagið væri vel rekið og að staðan væri góð. Eins hefði gengið vel á árinu að fá styrktaraðila. Hún vakti sérstaka athygli á aukingu í félagsgjalda um nær 20% frá fyrra starfsári þar sem skráðum félögum hefði fjölgað. Hagnaður félagsins árið 2023 var kr. 2.060.539 og eigið fé um áramót 2023/2024 var 30.358.064 kr. Eftir umræður og fyrirspurnir var ársreikningurinn borinn upp til samþykktar fundarins og var hann samþykktur með lófaklappi.

#### 4. Ákvörðun félagsgjalda

Félagsgjöld á fyrra starfsári voru kr. 28.400 og er lögð tillaga um að halda félagsgjöldum óbreyttum á næsta starfsári.

Tillaga var borin undir fund og samþykkt með lófaklappi.

#### 5. Skýrslur starfsnefnda og deilda

Andrea Róbertsdóttir, framkvæmdastjóri FKA, fór yfir liðið starfsár hjá nefndum og deildum félagsins sem dreifðar eru um allt landið. Jafnvægisvogin og mentorverkefnið hefur gengið mjög vel á árinu. Andrea gerði grein fyrir starfandi nefndum, deildum og ráðum. Fjölbreytt og gott starf fór fram hjá öllum einingum um land allt. AtvinnurekendaAUÐUR hefur verið með fyrirtækjakynningar, ferð á Austurland og tekið þátt í alþjóðlegri kvennaráðstefnu í Madrid. FKA Framtíð hefur verið með mörg verkefni á árinu s.s. “Serkari þú”, “Trúnó við varðeldinn”, mentorverkefnið og margt fleira. LeiðtogaAuður hefur m.a. verið með ýmsa fræðslu á árinu og ferð Vestur. Landsbyggðadeildirnar eru öflugar og mjög margir viðburðir á árinu sem lesa má nánar um í skýrslum og Andrea sagði frá í stuttu máli. Til hliðar við nefndir á skipuriti eru ýmsir óformlegir hópar starfræktir sem eru með skemmtilegt starf s.s. Fjalladrottingar. Fór yfir ýmsa viðburði á vegum nefnda s.s. jólaróltið og jólamarkaður New Icelanders. Alþjóðanefndin hittist og fagnaði alþjóðlegum baráttudegi kvenna með uppboði hjá Gallery Fold til styrktar Unifem.

#### 6. Lagabreytingar

Á fundinum voru bornar upp tillögur að 8 lagabreytingum sem voru aðgengilegar félagskonum á kjörvef félagsins. Fundarstjóri gerði stuttlega grein fyrir meginefni lagabreytinga og fór svo einnig munnlega í gegnum hverja og eina breytingu samkvæmt beiðni. Opið var fyrir rafræna kosningu um lagabreytingarnar á kjörvef FKA. Haldið var áfram með fund á meðan konur lokið var við kosningu. Fundarstjóri kunngerði niðurstöður kosningarinnar

#### 7. Kjör formanns, stjórnar, nefnda og ráða

Fundarstjóri gerði grein fyrir þeim konum sem hafa gefið kost á sér í nefndir félagsins til samþykktar með lófaklappi. Þær fengu gott klapp. Að sama skapi var farið yfir þær konur sem hafa gefið kost á sér í ráð FKA og voru þær kosnar með lófaklappi.

Fundarstjóri gerði grein fyrir þeim sjö konum sem voru í stjórnarframboði í ár.

Fjóla Guðrún Friðriksdóttir, framkvæmdastjóri FORVAL/SPA of ICELAND og jafnframt formaðuri kjörstjórnar FKA, tók næst til máls og kynnti niðurstöður kosninga á kjöri stjórnar FKA og varastjórnar. |

Í máli Fjólu kom fram að fyrirkomulagið að þessu sinni væri það að kosnar væru þrjár konur í aðalstjórn til tveggja ára og þrjár konur kosnar í varastjórn til eins árs.

- Guðlaug Hrönn Jóhannsdóttir hlaut 120 atkvæði
- Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir hlaut 97 atkvæði
- Guðrún Gunnarsdóttir hlaut 86 atkvæði

- Jasmina Vajzovic Crnac hlaut 74 atkvæði
- Sandra Yunhong She hlaut 58 atkvæði
- Guna Mezule hlaut 41 atkvæði
- Hafdís Perla Hafsteinsdóttir hlaut 40 atkvæði

Auðir seðlar voru 6.

## 8. Kosning skoðunarmanns og vara skoðunarmanns

Tillaga var borin upp um að Nönnu G. Wage Marínósdótti yrði kjörin skoðunarmaður reikninga og að Ingibjörg Guðmundsdóttir yrði kosin skoðunarmaður til vara. Enginn hreyfði við andmælum og var tillagan samþykkt.

## 9. Önnur mál

Fundarstjóri bauð félagskonum að taka til máls undir þessum dagskrárlið.

Fram kom spurning um hvort lagabreytingar hefðu verið samþykktar. Gert var hlé svo hægt væri að ljúka kosningu. Lagabreytingar voru samþykktar með 95% atkvæða. Þá var fundargerð samþykkt með lófatakí.

Þannig gert í Reykjavík

15. maí 2024

---

Unnur Elva Arnardóttir, formaður

---

Bergrúnu Lilja Sigurjónsdóttur

